



ORKUSTOFNUN

Röntgengreining á leirsýni úr
Vestfjarðargöngum fyrir Vegagerð ríkisins

Ásgrímur Guðmundsson,
Magnús Á. Sigurgeirsson

Greinargerð ÁsG-MS-93-06

RÖNTGENGREINING Á LEIRSÝNI ÚR VESTFJARÐARGÖNGUM
FYRIR VEGAGERÐ RÍKISINS.

*Unnið samkvæmt beiðni Björns Harðarsonar
Sýni úr Vestfjarðargöngunum*

Um mánaðaðamótin júlí - ágúst s.l. barst leirsýni með póstinum til Orkustofnunar, þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvaða leirtegund væri að ræða. Sendandi var Björn Harðarson hjá Vegagerð ríkisins, Ísafirði.

Sýnið var fyrst fínmulið og greint með XRD-aðferð. Niðurstaðan var smektít. Síðan var sýnið greint á ný með sömu aðferð, en undirbúið á annan hátt. Það var hrist upp í vatni, sem síðan var látið setjast til á glerplötu. Á þann hátt er hægt að mæla þenslu leirsins og fylgja niðurstöður hér á eftir.

sýni	fast rakastig	glycol mettun	hitun í 550°C
xrd.grein	15.60	16.98	9.93

Niðurstöður greiningar steindar voru kynntar sendanda þann 10. ágúst 93, en hér eru til viðbótar upplýsingar um þenslu leirsins.

Reykjavík 30. ágúst 1993


Ásgrímur Guðmundsson